

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar hefur iðnaðarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:**

á veitusvæði Hitaveitu Suðurnesja	3,13 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	3,42 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	2,51 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	2,57 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í dreifbýli	3,20 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins í þéttbýli	2,72 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	3,37 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	3,11 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur	3,24 kr./kWst.

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.**

Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum skal vera 2,04 kr./kWst. eða 91,80 kr./m<sup>3</sup>.

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,23 kr./kWst.

Um hámark niðurgreiðslna fer samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 78/2002.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi nú þegar.

*Iðnaðarráðuneytinu, 9. febrúar 2006.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*